

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2024.

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um neyðargeðheilbrigðisteymi og fræðslu viðbragðsaðila. 154. Löggjafarþing 2023- 2024. Þingskjal 225 - 222. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við tillögu til þingsályktunar um neyðargeðheilbrigðisteymi og fræðslu viðbragðsaðila. 154. Löggjafarþing 2023- 2024. Þingskjal 225 - 222. mál. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var málið áður lagt fram á 153. löggjafarþingi (318) mál en fékk ekki brautargengi. Félagið tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni um mikilvægi þess að tryggja öryggi aðila með viðeigandi aðstoð fyrir alla hlutaðeigandi.

Bætt samstarf geðheilbrigðiskerfis og lögreglu getur aukið öryggi einstaklinga með alvarlegan geðrænan vanda og geðrofseinkenni og líkur á að þau fái viðeigandi þjónustu. Félagsráðgjafafélag Íslands bendir á mikilvægi þess að þjónusta við einstaklinga með geðrænar áskoranir og fjölskyldur þeirra sé samþætt og byggji á heildarsýn. Beita þarf þverfaglegri nálgun og meðferð með aðkomu margra fagstétta.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill vekja athygli á því að félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við geðrænar áskoranir. Þeir búa yfir viðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Félagsráðgjafar eru ein af lykilstéttum þegar kemur að starfi með einstaklingum sem glíma við geðrænar áskoranir. Þeir vinna með einstaklingum sem glíma við fátækt, fíknisjúkdóma og félagslegan vanda auk barnaverndarmála. Félagsráðgjafar hafa mikla þekkingu og reynslu af stöðu málefna fatlaðs fólks á Íslandi, í málefnum aldraðra, flóttamanna og annarra innflytjenda. Stærsti hluti félagsráðgjafa starfa innan félagsþjónustu og barnaverndar auk heilbrigðisþjónustu. Þeir hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi. Þannig má ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins. Löng hefð er fyrir bakvaktarþjónustu félagsráðgjafa innan barnaverndar og vegna heimilisofbeldis þar sem þeir fara inn á heimili ásamt lögreglu. Félagsráðgjafar hafa því yfirgripsmikla reynslu í því að koma að málum einstaklinga í margvíslegum vanda þar sem þeir vinna náið með lögreglu.

Nám félagsráðgjafa er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti. Margir félagsráðgjafar hafa sérhæft sig í meðferð, svo sem fjölskyldumeðferð og áfallameðferð og veita samtalsmeðferð við andlegri vanlíðan á einkareknum meðferðarstofum.

Félagsráðgjafar hafa verið leiðandi í þróun geðheilsuteyma sem starfrækt eru við flestar heilbrigðisstofnanir landsins. Þeir hafa einnig verið leiðandi í uppbyggingu vettvangsteyma og skaðaminnkandi þjónustu. Í ljósi menntunar og reynslu félagsráðgjafa hafa þeir mikið fram að færa við að þróa neyðargeðheilbrigðisteymi og fræðslu viðbragðsaðila. Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið til samtals um þetta málefni og að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður